

## Helga Björnsdóttir

---

**Frá:** Sigurveig Þórhallsdóttir - UB <sigurveig.thorhallsdottir@barn.is>  
**Sent:** föstudagur, 23. september 2022 12:23  
**Til:** Helga Björnsdóttir  
**Efni:** Frístundaakstur

**Flokkar:** GoPro: Flutt inn undir ITR22090021 - Fylgd barna úr frístund á íþróttæfingar

Sæl Helga.

Umboðsmanni barna hafa borist erindi er varða fylgd barna í fyrsta og öðrum bekk grunnskóla, úr frístund á íþróttæfingar.

Árið 2010 samþykkti íþróttá- og tómstundaráð Reykjavíkur að veita íþróttafélögum styrk til þess að hægt væri að fara með börn á æfingar þegar starfið er utan göngufæris og á sér stað fyrir kl. 16:30 á daginn. [Í skýrslu starfshóps um frístundaakstur sem kom út árið 2019](#) kemur m.a. fram að frístundaakstur hafi stuðlað að aukinni þátttöku í íþróttum meðal barna og jafnari þátttöku milli hverfa og íþróttagreina. Starfshópurinn lagði áherslu á að jafnræðis væri gætt hvað fylgd og frístundaakstur varðar en fram kemur að til þess að það megi verða þurfi aukið fjármagn til að jafna þá þjónustu sem boðið er upp á og auka öryggi barna. Í skýrslunni er vísað til minnisblaðs nefndar um frístundasamgöngur frá 2009 en þar er lögð áhersla á að notast eigi við rútur þar sem strætókerfið gagnist ekki yngstu börnunum þar sem börn í fyrsta og öðrum bekk séu of ung til þess að ferðast ein í strætó og hóparnir oft of fámennir til þess að starfsmaður frístundaheimilis geti fylgt þeim.

[Þann 8. febrúar sendi Íþróttabandalag Reykjavíkur erindi til menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur](#) þar sem óskað er eftir framlagi frá Reykjavíkurborg til þess að mæta kostnaði við að tryggja fylgd barna í frístundaakstri.

Samkvæmt stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til 2030 átti að endurskoða öruggar og vistvænar leiðir varðandi frístundaakstur og fylgdarmenn og átti þeirri vinnu að ljúka 1. apríl 2021. Liggja þessar niðurstöður fyrir og er hægt að nálgast þær? Einnig væri gagnlegt að vita hvort gefin hafi verið út fyrirmæli til íþróttafélaga og hvort Reykjavíkurborg hafi yfirsýn yfir framkvæmdina?

Með kveðju,  
Sigurveig Þórhallsdóttir



**Sigurveig Þórhallsdóttir**  
Lögfræðingur / Legal Advisor

Umboðsmaður barna / Ombudsman for Children  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík, Iceland.  
Sími/ Tel: +(354) 552 8999  
<http://www.barn.is>, [ub@barn.is](mailto:ub@barn.is)



Upplýsingastefna umboðsmanns barna  
Fyrirvari vegna tölvupósts

## ÍTR netfang

---

**Frá:** Unnur Lárusdóttir <Unnur.Larusdottir@reykjavik.is>  
**Sent:** mánudagur, 12. september 2022 09:20  
**Til:** ÍTR netfang  
**Efni:** Frístund í KR - Frístundarúta - Ósk um fjármagn

SFS22090010

Góðan dag,

Þetta mál hér að neðan barst okkur á SFS en við vísum því áfram til ykkar og biðjum um að þið verðið í samskiptum við Pálma hjá KR.

Beiðnin:

**Efni:** Frístund í KR

Góðan daginn.

Mig langaði að kanna hjá ykkur möguleikann á fjármagni fyrir frístundastarf hjá okkur í KR.

Við erum núna að sækja krakka í Melaskóla, Vesturbæjarskóla og Landakotsskóla með frístundarútunni, ásamt því að Grandaskóli fá fylgd frá okkur hingað á æfingar. Þar sem kostnaður við rútuna hefur hækkað um 100% fyrir okkur í KR og frístundaheimilin eru hætt að senda starfsfólk til okkar til að sjá um krakkana í gæslu, þegar æfingarnar eru annað hvort ekki búnar eða ekki hafnar, þá þurfum við líka að fá til okkar starfsfólk sem við þurfum að greiða laun.

Allur þessi kostnaður er eitthvað sem við sem íþróttafélag eigum auðvitað ekki auðvelt með að reiða fram og vantar okkur sárlega aðstoð við þetta. Þetta er auðvitað hugsað sem þjónusta fyrir börn og fjölskyldur í Vesturbænum svo að krakkar geti verið búnin með skóladag og íþróttir þegar vinnudegi foreldra lýkur. Við viljum ekki að foreldrar þurfi að fara úr vinnu á miðjum degi til þess að skutla börnunum í íþróttirnar. Það er klárt mál að brottfall úr íþróttunum verður líka töluvert ef svo skyldi verða.

Að öðrum kosti þurfum við að bjóða upp á tvær rútuferðir á dag þannig að krökkunum er skilað til baka í frístundaheimilin eftir æfingarnar. En við það verður kostnaðurinn við rútuna auðvitað töluvert meiri en hann er í dag.

Með von um góð viðbrögð og aðstoð við að gera skóla- og íþróttastarf enn betra í Vesturbænum.



Íþróttá- og tómstundasvið

**Beiðni um umsögn um fyrirspurn um frístundaakstur frá frístundaheimilum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. ágúst 2022 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er upplýsinga um tilhögun frístundaaksturs frá frístundaheimili í íþróttir og tómstundastarf. Óskað er eftir að fá upplýsingarnar sundurgreindar eftir skólum.*

Meðfylgjandi fyrirspurn er hér með send íþróttá- og tómstundasviði til umsagnar. Óskað er eftir að umsögn berist innan 21 dags frá dagsetningu bréfs þessa.

Virðingarfyllt,

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri  
Skóla- og frístundasvið